

Skýrsla getraunanevndar ÍFR. fyrir starfsárið 2022–2023

Getraunanevndina skipa: Guðmundur Pétursson formaður, Eiríkur Ólafsson, Garðar Hallgrímsson, Björk Birgisdóttir og Þorgeir Ingólfsson. Einnig sátu fundina þeir Garðar Steingrímsson og Þórður Ólafsson sem annaðist fundarritun.

Sölumenn getrauna eru þeir: Þráinn Gunnarsson og Þorgeir Ingólfsson.

Eins og undanfarin ár geta tipparar hjá ÍFR tekið þátt í getraunaleikjum félagsins. Á hverju ári eru tippaðar þrjár tíu vikna lotur. Þrjú efstu sætin í hverri lotu hljóta peningaverðlaun. Sá tippari eða hópur sem nær bestum samanlögðum árangri fyrir þrjár lotur fær einnig vegleg verðlaun í lok árs. Þeir sem eiga hlut í Húskerfinu taka þátt í Lukkuleiknum sem skiptist í tvær deildir þ.e. Sjálfvalsdeild og Tipparadeild. Þeir sem senda inn raðir taka þátt í Hópleiknum og geta notað 162 raðir í leikinn. Engin takmörk eru á því hve marga hópa tipparar eiga í Hópleiknum.

Alls var heildarsala ÍFR á getraunaröðum kr. 53.441.524.- Hlutfall ÍFR af heildarsölu allra íþróttafélaga var 13.12% Tekjur félagsins árið 2022 eru tæpar 8 milljónir króna.

Heildarsala árið 2022

Leikvikur 1-52 / 2022

Nr Félag	Sala	Hlutf.
121 Íþróttafélag Fatlaðra	53.441.524 kr	13.12%
103 Knattspyrnufélagið Víkingur	18.296.113 kr	4.49%
221 Knattspyrnufélagið Haukar	14.066.858 kr	3.45%
904 Íþróttafélagið Framherjar	13.784.399 kr	3.38%
300 Knattspyrnufélag Í.A.	12.645.229 kr	3.1%

Taflan hér að neðan sýnir sölutölur eftir fyrstu 22 vikur ársins 2023

Leikvikur 1-22 / 2023

Nr Félag	Sala	Hlutf.
121 Íþróttafélag Fatlaðra	27.104.857 kr	13.13%
103 Knattspyrnufélagið Víkingur	8.266.661 kr	4.01%
221 Knattspyrnufélagið Haukar	7.038.109 kr	3.41%
240 Umf. Grindavíkur	5.895.721 kr	2.86%
300 Knattspyrnufélag Í.A.	5.848.037 kr	2.83%

Getraunaveislan 13 réttir var haldin í október 2022.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum sem og nefndarmönnum ánægjulegt samstarf s.l. vetur.

Guðmundur Pétursson
Formaður getraunanefndar ÍFR
